

**Þórunn Eydís Jakobsdóttir**

**MS-ritgerð:** Notkun innöndunarlyfja meðal sjúklinga með langvinna lungnateppu og/eða astma

**Höfundur:** Þórunn fæddist í Reykjavík árið 1994. Hún lauk stúdentsprófi frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti vorið 2014. Foreldrar hennar eru Jakob Þór Jakobsson og Sólveig Dröfn Ómarsdóttir. Maki hennar er Benedikt Páll Jónsson og barnið þeirra Klara Dís Benediktsdóttir. Þórunn hóf nám í lyfjafræði við Háskóla Íslands haustið 2016. Hún hefur unnið samhliða námi hjá Lyfjaval og mun vinna þar í sumar.

**Stuttur útdráttur úr ritgerð:** Rannsóknir hafa sýnt fram á að stór hluti lungnasjúklinga hafi ekki nægilega góða færni við notkun innöndunarlyfja. Markmið rannsóknarinnar var að athuga færni sjúklinga við notkun innöndunarlyfja ásamt því að kanna viðhorf þeirra til lyfja og lyfjameðferðar. Langflestir þátttakendur eða 87% gerðu að minnsta kosti ein mistök við notkun innöndunarlyfs. Flest mistök voru gerð með Diskus og pMDI tækjum. Algengustu mistökinn voru að tækjum var ekki haldið í réttri stöðu og að lungun voru ekki tæmd fyrir notkun innöndunarlyfs. Þetta gefur til kynna að bæta þurfi færni við notkun innöndunarlyfja hjá lungnasjúklingum. Viðhorf þátttakenda var fremur jákvætt en hins vegar hafði hluti þátttakenda áhyggjur af lyfjunum og lyfjameðferð.